GELMOTTUR
Fersk flutningsleið
Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur

Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarými
Engin aukaefni
ísgel
EFSTUBRAUT 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is
Veljum íslenskt

REYKJANES
25. FEBRÚAR 2016
4. tölublað 5. árgangur

Innanlandsflugið til Suðurnesja?

Suðurnesjaþingmennirnir Oddný G. Harðardóttir, Páll Valur Björnsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Páll Jóhann Pálsson ásamt fleiri þingmönnum hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar. Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að láta gera könnun á kostum þess að að flytja innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar og leggja mat mat á rekstrargrundvöll og möguleg sóknarfæri.

Nánar um málið í leiðara bls 2.

Sigurjónsbakarí - Hólmgarði 2 - 230 - Reykjanesbæ

FERMINGAR

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Eitt fullkomnasta VOD kerfi í heimi
Sjáðu SKY með NowTV netmyndlykli

Verð frá 3.390 kr. á mán.
Enginn binditími
Ekki lengur þörf að setja upp disk. Kauptu SKY áskrift af skemmtipakka SKY, Sky Movies eða Sky Sports.
Skemmtipakkinn inniheldur 35 sjónvarpsstöðvar fyrir 4.720 kr á mánuði. Sky Movies til viðbótar kostar aðeins 1.900 kr á mánuði. Ekkert mál að bæta við Sky Sports í viku eða mánaðar áskrift í senn.
Satis.is
Satis ehf | Fákafeni 9 | Sími: 551 5100 | www.satis.is

Leiðari

Stofnkostnaður fyrir innanlandsflug yrði lægri en á öðrum stöðum

Svo undarlegt sem það kann að virðast þá er það samt staðreynd að í hugum margra borgarfulltrúa í Reykjavæik er það eitt helsta baráttumálið að losna við innanlandsflugið frá borginni. Borgarfulltrúarnir segja Reykjavíkurflugvöll gott svæði til að byggja íbúðir og þjónustu.

Til að kanna aðra möguelika á staðsetningu fyrir innanlandsflugið var skipuð nefnd,svokölluð Rögnunefnd. Búið er að eyða ansi mörgum milljónum í þetta starf. Niðurstaðan vekur furðu. Mælt er með að innanlandsflugið verði staðsett í Hvassahrauni nokkra mínútu vegalengd frá Keflavíkurflugvelli.Í nefndaráliti Rögnunefndar er tekið fram að í framtíðinni geti fluvöllurinn í Hvassahrauni tekið við millilandafluginu.Gert er ráð fyrir að byrjunarkostnaður verði ekki undir 22 milljörðum króna. Er þetta forgangsverkefni? Er ekki til einfaldari og ódýrari lausn vilji borgarfulltrúar í Reykjavík endilega losna við innanlandsflugið?

Það sem er merkilegt í allri þessari viðleitni borgarfulltrúa Reykjagvíkur til að losna við innanlandsflugið er ekki gert ráð fyrir að Keflavíkurflugvöllur komi til greina. Mat hefur ekki farið á kostum þess að innanlandsflugið verði staðsett á Suðurnesjum.

Oddný G.Harðardóttir er fyrsti flutningamaður að tillögu til þingsályktunar sem gerir ráð fyrir að kanna möguleika á að flytja innanlandsflugið til Keflavíkurflugvallar.

Í greinargerð með tillögunni er m.a. bent á að ljóst má vera að stofnkostnaður fyrir innanlandsflug á Keflavíkurflugvelli yrði lægri en á öðrum stöðum sem metnir voru.

Veðurfar á Miðnesheiði er hagstætt til reksturs flugvallar eins og reynslan sýnir.

Innviðir innanlandsflugsibns eru orðnir gamlir og aðstaða á Reykjavíkurflugvelli er ekki boðleg enda um hálfgerða bráðabirgðaaðstöðu að ræða.

Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum þurfa að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu Oddnýjar og fleiri þingmanna.

Er heimavinna tímasóun?

Mjög skiptar skoðanir eru um það hversu mikla áherslu eigi að leggja á heimavinnu nemenda. Margir benda á að börn og unglingar eigi rétt á að ljúka sínum vinnudegi í skólanum eins og þeir fullorðnu gera á sínum vinnustað.

Í Morgunblaðinu var nýlega fjallað um þessi mál. heimavinna er sögð taka í burtu dýrmætan tíma sem börn gætu eytt með fjölskyldu og vinum.

Flestir kannast við það hvað heimavinna nemenda getur skapað mikið stress og leiðindi innan heimilisins.Mark Barnes,fyrrverandi kennari og rithöfundur,segir m.a. „Heimavinna gefur nemendum enga valkosti eða tækifæri til að hafa áhrif og þeir viti sjaldan hvað þeir séu að gera.Afleiðingarnar séu þær að foreldrar þurfi að lokum að aðstoða barnið við heimavinnuna hana sjálfir. Um leið kulni áhugi barnsins.“

Ennfremur segir Barnes. „Mesta hættan og vandamálið sem felst í heimavinnu er að hún lætur börn hata að læra.“

Í gjörbreyttu umhverfi síðustu ára hlýtur að vera kominn tími til að endurskoða heimanám nemenda. Hlutverk skólanna að vera að kveikja áhuga nemenda til að afla sér aukinnar menntunar og fróðleiks af eigin frumkvæði.Möguleikar á tölvuöld og með internetinu eru ótakmarkaðir. Virðum rétt barna og unglinga til að ljúka sínu dagsverki í skólanum og geta svo sinnt sínum áhugamálum heima eins og annað vinnandi fólk gerir.

Sigurður Jónsson, ritstjóri

Sjónvarp Víkurfrétta fær styrk

Sjónvarp Víkurfrétta hefur sent bæjarráði Garðs styrktarbeiðni. Bæjarráð fjallaði um málið á síðasta fundi sínum.

Í erindinu er sveitarfélaginu boðið að styðja við gerð sjónvarpsþátta um Suðurnes, með þátttöku í auglýsingum og kynningarefni. Kostnaður kr. 160.000 auk VSK.

Samþykkt samhljóða.

Skipaður stýrihópur

Á fundi bæjarráðs Garðs 11. febrúar s.l. var rætt um, Málefni aldraða á Suðurnesjum: aðalfundur SSS 2015

Erindi frá SSS, úrvinnsla tillagna frá aðalfundi.

Samþykkt samhljóða að leggja til við stjórn SSS að skipaður verði stýrihópur með verkefnisstjóra, sem haldi utan um verkefnið og kalli aðila til samstarfs. Stýrihópurinn skili tillögum til stjórnar SSS.

VILTU SEGJA SKOÐUN ÞÍNA?

Fríblaðið Reykjanes vill gjarnan komast í samband við íbúa Suðurnesja. Segið ykkar skoðun með því að senda inn pistil. Sendið inn fyrirspurn. Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið asta. ar@simnet.is eða hringið í síma 847 2779.

Suðurnesjamenn bíða lengst

Stjórn Öldungaráð samþykkti að senda bæjarstjórnum, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eftirfarandi bréf. Samþykkt var að senda afrit til þingmanna sem búsettir eru á Suðurnesjum og heilbriðisráðherra.

„Á fundi stjórnar Öldungaráðs Suðurnesja 11. febrúar 2016 var eftir farandi samþykkt: Samkvæmt nýjustu skýrslum frá heilbrigðisráðuneytinu er staðfest að eldri borgarar bíða lang lengst eftir hjúkrunarrýmum hér á Suðurnesjum eða 138 daga. Til samanburðar er bið eftir vistun á hjúkrunarheimili að jafnaði 87 dagar á landinu öllu. Lengi hafði verið beðið eftir áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma en ráðherra lagði loks fram áætlun til þriggja ára í janúar síðastliðnum. Þar kemur fram að áætlað er að reisa þrjú hjúkrunarheimili, tvö í Reykjavík og nágrenni og eitt á Suðurlandi á næstu þremur árum.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurnesjum á næstu árum í áætlun ráðherra þrátt fyrir lengstu biðina eða 138 daga og þá staðreynd að 40-50 eldri borgarar eru á biðlista eftir vistun á Suðurnesjum. Áætlanir gera ráð fyrir mikilli fjölgun vegna aldurs og sjúkleika á næstu árum. Hafa þeir þá ekki í önnur hús að venda en vistun á hjúkrunarheimili eftir að önnur úrræði hafa verið reynd svo sem heimilishjálp eða heimahjúkrun. Það er því varlega áætlað að árið 2020 verði eitt hundrað sjúkir eldri borgarar á Suðurnesjum sem geta ekki komist af án hjálpar ef ekkert verður að gert til þess að fjölga hjúkrunarrýmum.

Stjórn Öldungaráðs Suðurnesja ítrekar að sveitarfélögin á Suðurnesjum verða að ná samstöðu um heilbrigðismál, um fjölgun hjúkrunarheimila og vinna að samþættingu á heimilishjálp, heimahjúkrun og félagslegrar þjónustu.

Það er nú ljóst að ekki næst samstaða um endurbyggingu Garðvangs svo að byggja verður nýtt hjúkrunarheimili framtíðarinnar í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja.

Öldungaráð Suðurnesja krefst þess að Sveitarfélögin á Suðurnesjum nái samkomulagi um staðsetningu hjúkrunarheimilis. Ef ekkert verður aðgert stefnir í neyðarástand í hjúkrun aldraða á Suðurnesjum“.

Aðalfundur +60 Samfylkingin á Suðurnesjum

Aðalfundur Samfylkingarinnar +60 á Suðurnesjum verður fimmtudaginn 3. Mars 2016 að Víkurbraut 13 og hefst kl. 20.

Loftur Hjöðver Jónsson fomaður +60 Samfylkingunnar setur fundinn. Venjuleg aðalfundar störf.

Þórunn Benediksdóttir hjúkrunarforstjóri HSS segir frá heilsuvernd aldraðra og Samþættingu á þjónustu með aukinni samvinu milli þeirra sem annast heimahjúkrun , heimilisaðstoð og þeirra sem vinna að félagsstörfum með öldruðum

Eyjólfur Eysteinsson formaður Öldungaráðs Suðurnesja fjallar um skort á hjúkrunarrímum á Suðurnesjum. Það stefnir í neyðarástand ef ekki verður fjölgað með byggingu hjúkrunarheimilis.

Allir velkomnir
Stjórn Samfylkingarinnar
+60 á Suðurnesjum.

Flott fréttabréf

Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri í Sandgerði hefur sent fréttabréf til eldri borgara í Sandgerði. Í bréfi þessu koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar til ykkar íbúa í bænum sem eruð 67 ára og eldri. Markmiðið með fréttabréfinu er að kynna fyrir ykkur þjónustuþætti sem bærinn hefur upp á að bjóða og hvetja ykkur til að huga vel að heilsunni. Verið ávallt velkomin á bæjarskrifstofuna. Hægt er að skoða fréttabréfið á heimasíðu sveitarfélagsins. sandgerdi.is

Árshátíðarundirbúningur í Grindavík

Nú er árshátíðarundirbúningur komin á fulla ferð á öllum stigum. Árshátíð yngsta stigs verður fimmtudaginn 3. mars, árshátíð miðstigs miðvikudaginn 9. mars (ATHUGIÐ! ekki 7. mars eins og stendur á skóladagatali) og árshátíð unglingastigs þriðjudaginn 15. mars.

NÆSTA BLAÐ

Reykjanes kemur næst út fimmtudaginn 10. mars

REYKJANES 4. TBL. 6. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779. **Myndir:** Ýmsir. **Umbrot:** Prentsnið
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 10.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

REYKJANES ER DREIFT Í **10.000** EINTÖKUM ÓKEYPIS Í ALLAR ÍBÚÐIR Á REYKJANESI.

KUBBALJÓS

Hjá okkur færðu kubbaljós í ýmsum litum.
Við tökum einnig við sérpöntunum.

kubbaljos.is

kubbaljós

Sendum um allt land

Gæðastál • Smiðjuvegi 4 (Græn gata að ofanverðu) • Sími: 699 1710

Vilhjálmur Árnason alþingismaður Sjálfstæðisflokkur:

Sjálfstæðisstefnan er sú stefna sem stór hluti þjóðarinnar getur tekið undir

Reykjanes hafði samband við Vilhjálm Árnason þingmann og bað hann að svara nokkrum spurningum.

- Staða Sjálfstæðisflokksins er frekar slæm ef marka má síðustu skoðanakannanir. Hver er skýringin að þínu mati?

Það á sér margar skýringar en það eru tvær sem ég nefni helst. Í fyrsta lagi tel ég að ríkisstjórnin hafi ekki komið því nægilega vel til skila sem hefur áunnist. Stærstu málin sem við lögðum áherslu á fyrir kosningarnar eru komin til framkvæmda og mörg stór mál að komin á lokametrana. Fjárlögum hefur verið skilað með afgangi allt kjörtímabilið, skuldir ríkissjóðs hafa verið lækkaðar, skuldaleiðrétting heimilina er komin til framkvæmda, losun gjaldeyrishafta er langt komin eftir að trúverðug áætlun var lögð fyrir Alþingi og samþykkt, vörugjöld hafa verið afnumin, afnám tolla er hafið, tekjuskattur hefur verið lækkaður, tryggingagjaldið hefur verið lækkað og áform eru uppi um frekari lækkanir, umbætur í menntamálum hafa verið innleiddar, umhverfi skapandi greina og rannsókna styrkt og - einfaldað auk þess sem að framlög til heilbrigðis og velferðamála verið efst í forgangsröðuninni. Löggæslan hefur verið efld á margan hátt, með kerfisbreytingum, auknu fjármagni og nú er unnið að því að breyta menntakerfi lögreglunnar. Þá má bæta við að vinna í samvinnu við aldraða og öryrkja um breytt almannatryggingakerfi og greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu er langt komin.

Hins vegar vil ég nefna þá umræðu sem er í samfélaginu í dag. Þar höfum við verið í að svara í stað þess að leggja áherslur á hver okkar hugsjón og stefnumál eru. Sjálfstæðisstefnan er sú stefna sem stór hluti þjóðarinnar getur tekið undir. Því verðum við að vera dugleg við að halda henni á lofti og sýna hvernig við vinnum samkvæmt henni. Það þurfum við að gera í auknum mæli.

Unga fólkið er öflugt

- Á síðasta Landsfundi Sjálfstæðisflokksins lét unga fólkið til sín taka og náði fram stærstum hluta af sínum áherslum. Ritari flokksins var kosinn úr röðum ungra. Hafa áherslur flokksins eitthvað breyst á síðustu mánuðum í takt við unga fólkið?

Áherslunar hafa að einhverju leiti orðið skýrari og umræðan um þær aukist. Þetta er einmitt það sem hefur vantað. Að gera stefnuna skýra og koma henni á framfæri. Ungafólkið er öflugt með frjóa hugsun og kemur því öflugt inn og aðlagar áherslurnar breyttu samfélagi og veit hvernig á að koma þeim á framfæri.

Ekki hlutverk ríkisins

- Eitt af þínum málum, áfengi í verslanir, hefur fengið mikla athygli. Sumir anstæðingar flokksins segja þetta helsta baráttumál Sjálfstæðisflokksins. Hvers vegna leggur þú svona mikla áherslu á þetta mál?

Það er nú það fyndna við það að andstæðingarnir eru þeir sem hafa haldið áherslunni á þessu máli á lofti. Ég útbjó bara málið og lagði það fram. Svo hefur það verið annarra að fjalla um málið með og á móti. Fjölmiðlar hafa verið mjög spenntir fyrir málinu, líklega út af því að það er umdeilt og margir hafa á því skoðanir. Umræðan fer oft út í með og á móti. Andstæðingar málsins í þinginu hafa ákveðið að nýta tíma sinn

í að fjalla um þetta mál í lengra máli en þeir ákveða að gera við önnur mál og þá oft mun mikilvægari mál. Þetta er líka það mál sem hvað flestir aðilar í samfélaginu kjósa að senda inn umsögn um. Þannig að áherslan á málið hefur komið víða.

En ástæða þess að ég legg málið fram er sú skoðun mín að það sé ekki hlutverk ríkisins að nýta fjármuni sína og tíma í að reka smásöluverslun með áfengi. Frekar á ríki að setja skýra og stranga löggjöf um hvernig sala á þessari löglegu en áhrifaríku neysluvöru fer fram, ásamt því að nýta krafta sína og fjármuni í að efla grunnþjónustuna í landinu. Ég er ekki hrifinn af því að láta skattfé almennings renna í markaðssetningu á áfengi, dreifingu á áfengi og til að tryggja gott úrval og góða þjónustu á áfengi. Þess skal getið að hagnaður ÁTVR myndast af heildsölu með tóbak en ekki smásölu með áfengi.

- Annað mál sem þú hefur talað fyrir öryggismál í umferðinni og víðar hefur ekki fengið eins mikla athygli. Hvers vegna?

Það er góð spurning sem ég hef leitað svara við. Ég held að samfélagið sé ekki nógu upplýst um þann mikla toll sem umferðin tekur af okkur og leggur því ekki nægilega mikla áherslu á þessi mál. Umræðan um heilbrigðiskerfið hefur farið hæst og samgöngumálin því fengið minna vægi. Þetta er líka mál sem allir eru sammála um að þurfi að laga og því kannski ekki eins spennandi að fyrir fjölmiðla að fjalla um. Umferðaröryggismálin hafa þó verið að fá meiri umfjöllun að undanförnu og ég vona að svo verði áfram. Ég mun allavegana halda áfram að leggja á þau áherslu, þau eru eitt af stærstu heilbrigðismálum þjóðarinnar. Það eru um 200 einstaklingar sem slasast alvarlega eða láta lífið í umferðarslysum á ári. Það hefur svo áhrif á þúsundir aðstandenda ásamt samfélagslegum kostnaði upp á um 50 milljarða. Þetta er alvarlegt og mikilvægt mál.

- Eru Píratar að taka við hlutverki Sjálfstæðisflokksins að vera flokkur með um 40% fylgi?

Píratar munu verða einn af stærstu stjórnmálaflokkum landsins eftir næstu kosningar. Vika er samt langur tími í pólitík og því getur allt gerst. Tölurnar munu sennilega eitthvað breytast en hvernig er ómögulegt að segja til um.

Fjöbreytt atvinnulíf vaxi hér

- Hver eru helstu baráttumálin fyrir Suðurnesin?

Það er að fylgja þeim fjölmörgu tækifærum eftir sem eru hér til atvinnuuppbyggingar til að það megi bæta kaup og kjör íbúa svæðisins. Það er mikilvægt að tryggja hagsmuni Suðurnesja í samræmi við þróun flugvallarsvæðisins. Staðsetningin býður upp á að fjölbreytt atvinnulíf vaxi hér og dafni s.s. hátækniiðnaður, fiskeldi, sjávarútvegur, ferðaþjónusta og svo mætti lengi telja. Til þess að örva þann vöxt þurfa innviðir að vera í lagi sérstaklega þegar kemur að samgöngum og fjarskiptum. . Það þarf að klára að tvöfalda Reykjanesbrautina í báða enda, viðhalda vegunum á svæðinu og útbúa þá fyrir aukna umferð atvinnulífs, íbúa og ferðamanna og tryggja öryggi á þeim með góðum fjarskiptum og vetrarþjónustu. Fiskihafnirnar í Sandgerði og Grindavík þurfa viðhald og stórskipahöfnina í Helguvík þarf að klára. Svo er mikilvægt að annar sæstrengur til gagnaflutninga komi hér að landi til að auka umsvif gagnaveranna enn frekar. Þá er mikilvægt að efling heilsugæslunnar og hjúkrunarmál aldraðra haldi áfram, að löggæslan sé elfd í samræmi við aukin umsvif á Kelfavíkurflugvelli og svo er gríðarlega mikilvægt að menntamálin haldi áfram að eflast með okkar öflugu menntastofnunum hér á Suðurnesjum. Þær hafa margar hverjar farið nýjar leiðir í menntamálum sem er mikilvægt og við það þurfum við að styðja.

Vika er langur tími í pólitík

- Nú styttist í næstu kosningar. Hefur þú hug á að gefa áfram kost á þér til setu á Alþingi?

Ég hef haft gaman af því að starfa hér á Alþingi fyrir okkar góða kjördæmi. Verkefnin eru fjölbreytt, mikilvæg og skemmtilegt að takast á við þau. Maður er núna fyrst að sjá árangur í mörgum málum sem maður byrjaði að vinna að strax í upphafi. Ég tel mig enn geta gert gagn og fylgt enn fleiri málum eftir og klárað önnur og mun því að öllum líkindum bjóða mig aftur fram. En eins og áður hefur komið fram er ein vika langur tími í pólitík.

Samfylkingin klikkaði í stóru málunum

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, viðurkennir að flokkurinn hafi gert afdrifarík mistök í veigamiklum málum á borð við Icesave, aðildarumsókninni að ESB, skuldamálum heimilanna, sjávarútvegsmálum og stjórnarskrármálinu. Hann segir alla innan flokksins þurfa að bera ábyrgð á þeirri stöðu sem flokkurinn er í, ekki bara sum.

Dekk Dekk

Stærð	Negld	Vetrar	Heilsárs	pr.stk
175/70 13“	11.900,-	9,990,-	9000,-	—
185/65 14“	12,990,-	10,990,-	10,990,-	—
185/60 15“	14,990,-	12,990,-	12,990,-	—
185/65 15“	14,990,-	12,990,-	11,990,-	—
205/55 16“	16,990,-	14,990,-	13,990,-	—
215/55 16“	18,990,-	16,990,-	16,990,-	—
225/45 17“	19,990,-	19,990,-		—
195/70 C 15“	18,900,-			—
205/65 C 16“	19,900,-			—

Sendum hvert á land sem er.

Raðgreiðslur í allt að 12 mánuðum

Burðardekk á góðu verði

Opið
8-17 mán-föst.
10-14 laugardag.

Bílastofan Dekkjaverkstæði

Njarðarbraut 11 Reykjanesbæ sími 421 1251

Snjókallinn skrifar:

Enginn vissi hver vissi hvað



Málatilbúnaður allur milli Landsbankans og Borgunar hefur vakið upp margar spurningar. Hvernig má það vera að háttsettir menn með mikla fjármálareynslu og sérfræðingahóp í kringum sig vissu ekkert hvaða verðmæti þeir voru með í höndunum. Landsbankinn er í eigu þjóðarinnar en ekki prívat eign bankastjórans. Er þetta trúverðugt?

Svo er það með ólíkindum að heyra marga þingmenn og ráðherra hneykslast á framgöngu Landsbankans og tala um klúður og að stjórn og nakastjóri þurfi að víkja. En hvað? Eru þingmenn ekki fulltrúar þjóðarinnar til að stjórna landinu. Hver á Landsbankann? Er það ekki þjóðin? Eru þingmenn að segja okkur að þeir geti nöldrað eins og við hin en þeir ráði engu um það hvernig bankinn hagi sér.

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍÐIR GARÐI Stofnað 1936

Gulldrengirnir í Víði

Bæjarráð Garðs ræddu á síðasta fundi sínum um gerð heimildarmyndar um Knattspyrnufélagið Víði : Gulldrengirnir

Erindi dags. 04.02.2016 frá Þorsteini Surmeli og Eyþóri Sæmundssyni.

Lögð fram lýsing á hugmyndum um heimildamynd, ásamt kostnaðaráætlun og ósk um fjárstuðning til verkefnisins.

Samþykkt samhljóða að veita verkefninu styrk að fjárhæð kr. 500.000, með fyrirvara um fjármögnun verkefnisins. Helmingur fjárhæðar verði greiddur út við upphaf verksins og helmingur við lok þess.



Stigahúsateppi

Mikið úrval!

25 ára reynsla

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar

Sérverslun með teppi og parket

PARKET & GÓLF

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.parketoggolf.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Vinsælustu bækurnar

Við leituðum til bókasafna sveitarfélaganna á Suðurnesjum og spurðum hvaða þrjár bækur hafi verið vinsælastar í útláni árið 2015.

Spennusögurnar alltaf vinsælastar

Hér á Bókasafninu í Garði var bókin „Ævi alþýðustúlku“ eftir Pálma Ingólfsson mikið tekin í útlán, eins bókin“Í fangabúðum Nasista“ eftir Leif H. Muller. Þessar bækur komu út fyrr á árinu og voru mikið í útláni.

Af bókum sem komu út fyrir jólin voru bækurnar“Brynhildur Georgía Björnsson“ eftir Ragnhildir Thorlacíus og bókin“Munaðarleysinginn, örlagasaga Matthíasar Bergssonar“ eftir Sigmundur Ernir Rúnarsson mjög vinsælar í flokki ævisagna.

Spennusögurnar eru þó alltaf vinsælastar í útláni. Bókin“Dimma“ eftir Ragnar Jónasson var vinsælust í útláni hér á þessu safni, einnig voru bækur Arnaldar, Yrsu og Stefáns Mána mjög vinsælar í útláni.

Ef ég á einungis að nefna þrjár, myndi ég segja:
Nr. 1 -“Dimma“ eftir Ragnar Jónasson.
Nr. 2 -“Í fangabúðum Nasista“.
Nr. 3 -“Brynhildur Georgía Björnsson“.

Bókin um“Ævi alþýðustúlku“ fjallar um Huldu Gunnarsdóttur sem ólst upp hér í Garðinum. Sonur hennar, Pálmi Ingólfsson tók saman minningar móður



sinnar héðan og setti saman í þessa bók. Hann sendi svo Bókasafninu í Garði tvö eintök af bókinni að gjöf og Garðbúar sem muna þessa tíma höfðu mikla ánægju af lestri bókarinnar. Það væri gaman ef þetta gæti komið fram í umfjöllun blaðsins um vinsælustu bækurnar í útláni hér á Bókasafninu í Garðinum.

Bestu kveðjur.
Jóhanna Kjartansdóttir
bókasafnsvörður.

Kamp Knox vinsælust

Hér í Bókasafni Reykjanesbæjar voru þessar bækur vinsælastar í útláni 2015:

Allar komu þær út fyrir jólin 2014 og voru svo til stanslaust í útláni allt síðasta ár!

Kamp Knox eftir Arnald Indriðason
Þin eigin þjóðsaga eftir Ævar Þór Benediksson
DNA eftir Yrsu Sigurðardóttir

Ódýrast við Keflavíkurflugvöll

Vegna mikillar fjölgunar farþega um Keflavíkurflugvöll og aukinnar aðsóknar að bílastæðum við flugvöllinn er nauðsynlegt að fara í framkvæmdir við fjölgun þeirra. Gríðarleg aðsókn hefur verið í bæði skammtíma- og langtímastæði og á álagstímum hafa myndast langar biðraðir. Á langtímastæðum er nýtingin allt að 96% sem þýðir að færri en 100 af 2.100 stæðum eru laus á álagstíma. Af þessum sökum verður gjaldskránni breytt og bílastæðagjöldin hækkuð, svo þau geti staðið undir kostnaði við stækkunarframkvæmdir. Einnig er nú hafin gjaldtaka á starfsmannabílastæðum við flugstöðina. Gjaldskrárbreytingin tekur gildi 1. apríl 2016.

Þrátt fyrir hækkunina verður enn mun ódýrara að leggja bílum á stæðum við Keflavíkurflugvöll en á helstu alþjóðaflugvöllum í Evrópu. Áfram verða fyrstu 15 mínúturnar gjaldfrjálsar í skammtímastæðum.

Gjaldskrárbreyting á skammtímastæðum:
Skammtímastæði P1 og P2, verð nú 230 kr. á klst. :
Fyrstu 15 mín. gjaldfrjálsar
Fyrsta klst. 500 kr.
Hver klst. eftir það 750 kr.

Gjaldskrárbreyting á langtímastæðum:
Langtímastæði P3:
Fyrsta vika úr 950 kr. í 1.250 kr. pr. sólarhring
Önnur vika úr 600 kr. í 950 kr. pr. sólarhring
Þriðja vika úr 400 kr. í 800 kr. pr. sólarhring
Stefnan að bílastæðin standi undir sér

Isavia hefur þá stefnu að tekjur af bílastæðum standi undir kostnaði við þá þjónustu sem þar er veitt og þær framkvæmdir sem þarf að ráðast í. Með þessum breytingum á verðlagningu bílastæða verður hægt að fjölga bílastæðum í takt við farþegaaukningu. . Framkvæmdir eru þegar hafnar við ný starfsmannastæði og núverandi starfsmannastæði munu því fljótlega bætast við langtímastæðin. Við þessa framkvæmd mun farþegastæðum fjölga um 300.

Hækkunin nú er óhjákvæmileg til þess að standa undir umbótum í bílastæðamálum og bættri þjónustu. Þegar gjaldskráin var síðast endurskoðuð var gefið út að verð myndi haldast í hendur við gjaldskrá P1 bílastæða í Reykjavík. Vegna gríðarlegrar fjölgunar farþega umfram þær spár sem lágu fyrir við síðustu endurskoðun þarf að flýta framkvæmdum og því reynist ekki mögulegt að halda þeirri verðstefnu óbreyttri.





Góðar samgöngur úr höfuðborginni

Samgöngur á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru mjög góðar og hafa aukist til muna síðustu misseri og eru tíðar rútuferðir í tengslum við öll áætlunarflug. Þá er Strætó einnig með ferðir milli Reykjavíkur og Keflavíkur í sinni áætlun. Farþegum er bent á þann kost sem er bæði umhverfisvænn, þægilegur og hagkvæmur ferðamáti.

Samanburður á verðskrá bílastæða á milli Keflavíkurflugvallar og helstu flugvalla Norðurlandanna

Endurbyggja sjóvarnir

Byggingarfulltrúi Garðs hefur gefið út framkvæmdaleyfi vegna sjóvarna í landi Sveitarfélagsins.

Nú standa fyrir dyrum framkvæmdir á vegum vegagerðar um lagfæringar og viðbætur á sjóvarnargarði í landi Garðs.

Um er að ræða þrjú svæði. Það fyrsta er 300m. kafli við golfvöll í leiru þar sem framlengd verður eldri sjóvörn, annað svæðið er við Lambastaðavör en þar á að laga þrjá staði samtals um 350m. Þriðja og síðasta svæðið er við Garðskagavita, en þar á að endurbyggja sjóvarnir á 85m. kafla.

LYFJA
– Lifið heil

lyfja.is

20 ára

20 % afsláttur

Afsláttur á afmælisári



Kíktu á vöruúrvalið á lyfja.is

Lyfja í 20 ár

Við höldum upp á 20 ára afmæli á árinu og af því tilefni bjóðum við valdar vörur með sérstökum afmælisafslætti. Afslátturinn gildir til 17. mars.

Hlökkum til að sjá þig.

ÍSLENSKA/SIA/ES/LYF 78610 02/16

Páll Valur Björnsson þingmaður Bjartrar framtíðar:

Almenningur beri ekki skaðann þegar allt hrynur

Reykjanes leitaði til Páls Vals Björnssonar þingmanns Bjartrar framtíðar og bað hann að svara nokkrum spurningum.

*- **Framtíð Bjartrar framtíðar er ekki mjög björt ef eitthvað er að marka skoðanakannanir. Hvers vegna hefur flokkurinn glatað svo miklu trausti?***

Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör segir einhversstaðar og ég hef ekki svör á reiðum höndum um hvers vegna flokkurinn hefur svona lítið fylgi. Það eru sjálfsagt margir samverkandi þættir sem gera það að verkum að staða okkar í Bjartri framtíð er eins og hún er nú um stundir. Það virðist eins og við náum ekki að koma okkar málum til skila og eins höfum við verið útmáluð sem einhver afleggjari frá Samfylkingunni og þ.a.l. einn af þessum margumtalaða fjórflokki. Sem er algert bull þar sem að innan raða Bjartrar framtíðar eru fólk sem kom úr öllum flokkum ásamt fólki sem aldrei hefur tekið þátt í pólitík áður eða kennt sig við ákveðna flokka. Ekki síst er innan okkar raða fólk sem gafst upp á að því að vera hluti af því hagsmunabandalagi sérhagsmuna sem núverandi stjórnarflokkar svo sannarlega eru. Ef litið er yfir störf þingflokksins síðastliðin tvö og hálft ár er augljóst að við erum ekki með sömu stefnumál, né sömu aðferðafræði og þeir flokkar sem fólk hefur spyrt okkur við. Það verður þó ekki framhjá því litið að við höfum einnig átt í smá erfiðleikum innan flokksins og síðasta ár var okkur erfitt. Það er ekkert óeðlilegt að mínu viti að nýir flokkar eigi í smá erfiðleikum við að koma sér á framfæri og fóta sig á sviði stjórnmálanna. Allir flokkar ganga í gegnum erfiðleika og það er mín skoðun að þá erfiðleika eigi að leysa innahúss en ekki á vettvangi fjölmiðla eins og sumir kusu að gera í okkar röðum. Sú atburðarás sem átti sér stað á síðasta ári og svo skortur á sýnileika er hugsanlega það sem hefur mest áhrif á þá stöðu sem við erum í dag.

Stjórnvöld móti sér gjaldmiðilsstefnu

*- **Andstæðingar Bjartrar framtíðar segja að baráttumál flokksins séu bara tvö, flýta klukkunni og leggja niður mannanafnanefnd. Hvað segir þú um svona fullyrðingar?***

Það er kannski ekki skrítið að fólki finnist það þar sem fjölmiðlar hafa mikinn áhuga á auðskýranlegum málum eins og þessum. Almenningur virðist líka hafa mikla skoðun á þessum tveimur málum, en þessi góðu mál eru ekki þau mál sem við sjálf settum fram sem okkar helstu baráttumál. Þessi mál varða annars vegar lýðheilsu og hinsvegar sjálfssögð réttindi fólks til þess að ákveða hvað það vill skýra börnin sín eða heita sjálft. Ég skora á alla sem áhuga hafa á stjórnmálum og því sem fram fer á vettvangi alþingis að kynna sér þau mál (sem eru fjölmörg) sem Björt framtíð hefur lagt fram. Þar má nefna eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, gjaldmiðilinn en við höfum ítrekað lagt fram mál um að stjórnvöld móti sér gjaldmiðilsstefnu. Svo erum við með mál sem bannar hefndarklám sem er tegund af kynferðislegu ofbeldi í stafrænum heimi, nokkur mál er varða réttindi feðra, mannréttindi barna, umhverfismál eins og matarsóun og margt fleira.

Fáránlegar ákvarðanir stjórnmálamanna

*- **Hver eru helstu hagsmunamálin fyrir okkur á Suðurnesjum?***

Þau eru að hlúa innviðum samfélaganna hér á svæðinu, styrkja þau fyrirtæki sem fyrir eru og skapa góðan starfsgrundvöll fyrir önnur sem vilja hasla sér völl hér suður með sjó. Ég hef margoft svarað því til þegar ég er spurður um þessi mál að tækifæri okkar Suðurnesjamanna til framsóknar á sviði atvinnumála eru ótakmörkuð. Það er okkur að nýta þau svæðinu öllu til heilla, við þurfum að standa saman öll sem eitt til þess að byggja hér upp gott samfélag. Samfélag sem tryggir velferð, menntun og heilsu allra íbúa sinna allt frá vöggu til grafar. . Samfélag sem tryggir öllum jöfn tækfæri, virðir mannréttindi allra og metur fólk að verðleikum. Því miður hafa Suðurnesin orðið fyrir miklum áföllum á síðustu árum ekki síst vegna fáránlegra ákvarðanna stjórnmálamanna og við verðum að snúa bökum saman við að ná okkur út þeim vanda.

Þjóðin á að ákveða sjálf

*- **Ert þú þeirrar skoðunar að við eigum að halda áfram umsóknarferli í ESB?***

Ég hef alltaf verið fylgjandi því að klára eigi viðræður við ESB og leggja síðan þann samning fyrir þjóðina til samþykkis eða synjunar. Stjórnarflokkarnir lofuðu íslensku þjóðinni því að hún fengi að kjósa um áframhald þessara viðræðna en sveik það sem reyndar kom ekki á óvart þegar þessir tveir flokkar eiga í hlut. Það er hlutverk stjórnmálamanna að leita allra leiða til þess að auka hag og farsæld þjóðar sinnar og íslenskur almenningur á rétt á því að vita hvort aðild að ESB geri það. Þjóðin á m. ö. o að fá að ákveða það sjálf hvort hún vill inn í þetta bandalag eða ekki.

Óþolandi bæði belti og axlabönd

*- **Er raunhæft að tala um að við getum bannað verðtryggð lán?***

Verðtryggingin hefur leikið okkur Íslendinga ansi grátt og þá sérstaklega hinn almenna borgara sem tekur alltaf á sig byrðarnar ef okkar ástkæri gjaldmiðill fellur. Það hefur því miður gerst reglulega allt frá því við hófum að notast við hann. Það er með öllu óþolandi að fjármálastofnanir hafi bæði belti og axlabönd þegar það verða hrun og koma alltaf niður á lappirnar á meðan viðskiptavinir þeirra og þá sérstaklega sótsvartur almúginn fær skellinn. Hvort það að banna verðtryggð lán breyti einhverju þar um veit ég ekki og nú stendur almenningi það til boða að taka annað hvort óverðtryggð lán eða verðtryggð. Kannski er það besta í stöðunni á meðan við búum við svona óstöðugt fjármálumhverfi og ótöðuga mynt að leyfa fólki sjálfu að ákveða hvort það vill. Ég tel að í þeirri stöðu sem ríkið er nú að hafa tvo banka í fanginu að hreinsa eigi hressilega til í þessu skelfilega fjármálakerfi sem leikið hafa þjóðir heimsins svo grátt á undanförnum árum. Setja þeim skýrar reglur og auka með þeim eftirlit sem gerir það að verkum að þeir sem þeim stjórna taki fulla ábyrgð á gjörðum sínum og búa þannig um hnútanna að almenningur beri ekki skaðann þegar allt hrynur.

Reikna frekar með því

*- **Nú styttist í næstu kosningar. Stefnir þú á það að halda áfram þingmennsku?***

Já ég reikna frekar með því að ég geri það, þessi tæpu þrjú ár sem ég hef verið þingmaður hafa verið eins og að setjast upp í rússibana. Það hafa skipst á skin og skúrir og komið tímar þar sem maður hefur spurt sjálfan sig að því hvort þetta sé þess virði að taka þátt í. Þingmennskan er mjög krefjandi starf en á sama tíma mjög gefandi og lærdómsríkt og ekki síst hefur verið ómetanlegt að fá að kynnast öllu því fólki sem maður hittir í starfi sínu. Ég lagði af stað með vissa hugmyndafræði um það hvernig ég vildi stunda stjórnmál, hún gekk m.a. út á það ég ætlaði að vera samkvæmur sjálfum mér, vera heiðarlegur og koma fram að virðingu við samstarfsmenn mína hvar í flokki sem þeir standa. Ég hef einsett mér að styðja öll mál sem ég tel að verði almenningi og þjóðinni allri til heilla og áskilið mér rétt til þess að vera á móti þeim sem ég tel að séu ekki til þess fallin. Ég tel sjálfur að ég hafi staðið við allt sem ég sagði í aðdraganda síðustu kosninga og með þá fullvissu mun ég leggja í næstu kosningabaráttu en það er síðan kjósenda í Suðurkjördæmi að meta það hvort ég sé þess verður að starfa fyrir þá áfram. Hver sem dómur þeirra verður þá mun ég hlíta honum.

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknaboranir

Umhverfis-og ferðamálanefnd Grindavíkur kom nýlega saman til fundar og bókaði m.a. :

„Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Eldvarpasvæðinu vill Umhverfis og ferðamálanefnd Grindavíkur bóka eftirfarandi.

Gera má ráð fyrir að aukin umræða um Eldvörp leiði til aukinnar umferðar ferðamanna um svæðið. Svæðið er mjög viðkvæmt og því brýnt að þegar verði hafist handa við að skipuleggja stígagerð og gera aðrar þær ráðstafanir til að stýra umferð fólks um svæðið.

Nefndin leggur til að leitað verði ráðgjafar hjá Ómari Smára Ármannssyni, sem hefur kynnts sér svæðið manna best.

Einnig vill nefndin árétta mikilvægi þess að aðilar á vegum Grindavíkurbæjar hafi mjög náið eftirlit með öllum framkvæmdum á svæðinu og fylgi því eftir að allar takmarkanir á umfangi borteiga séu virtar. Einnig að strangt eftirlit verði haft með þeim framkvæmdum sem óhjákvæmilega verða vegna uppbyggingar og styrkingar á vegum og slóðum á svæðinu".

Atvinnumál og þensla

Bæjarráð Garðs hefur fjallað um væntanlegan Vetrarfund Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Erindi frá SSS dags. 21.01.2016, ósk um tillögur um fundarefni vetrarfundar. Samþykkt samhljóða að leggja til að fjallað verði um atvinnumál, þenslu á Suðurnesjum og áhrif hennar m.a. á sveitarfélögin.

Stuttar fréttir

250 milljónir til Reykjanesbæjar

HS veitur skiluðu 780 milljón króna hagnaði á síðasta ári. Ákveðið að greiða arð til eigaenda uppá 450 milljónir. Reykjanesbær fær í sinn hlut 250 milljónir.

Ferskir vindar

Ferskir vindar í Garðinum fengu viðurkenningu frá Eyrarrósinni.

Fjármálafræðsla

Nemendur í 10. bekk Grunnskóla Grindavíkur fengu á dögunum kennslu í fjármálafræðslu. Kennsluefnið nefnist Fjármálavit.

Viðauki samþykktur

Bæjarráð Grindavíkur hefur samþykkt erindi byggingafulltrúa um viðauka uppá 5,5 milljónir króna vegna ráðningur starfsmanns tímabundið.

Ný gjaldskrá

Ný gjaldskrá Strætó tekur gildi 1. mars 2016.

Samstarf sveitarfélaga

Bæjarráð Voga leggur til að SSS ræði samstarf sveitarfélaganna á væntanlegum vetrarfundi sínum.

Vinabæir í Kína

Reykjanesbær á tvo vinabæi í Kína, Henan og Xianyand. L´tið hefur reynt á tengsl ennþá.

Vinnufundur

Þrír bæjarfulltrúar og þrír embættismenn fara til Trollhättan í mars á vinnufund. Formlegt vinabæjarmót fer þar fram 10.-12.mars 2016.

Knattspyrnumót í Finnlandi

Í lokn júní fara 9 strákar og 9 stelpur frá Reykjanesbæ á knattspyrnumót í Kerava í Finnlandi.

Þekking á jafnréttismálum

Jafnréttisstofa telur brýnt að ef stofnað verður til embættis umboðsmanns aldraða að hann hafi þekkingu á jafnréttismálum. Í umsögn Jafnréttisstofu um embætti umboðsmanns aldraða er lögð áhersla á aldraðar konur og karlar séu ekki endilega í sömu stöðu. Dæmi séu um aldraðar konur sem búi við fátækt; með minni réttindi í lífeyrissjóðum og færri eignir. Þá geti heilsufar kynjanna verið mismunandi eftir kyni, aldri, félagslegri og fjárhagslegri stöðu.

Fræðslunámskeið

Fræðslunámskeið fyrir foreldra 6-12 ára barna með ADHD verður haldið í húsnæði ADHD samtakanna, Háaleitisbraut 13, Reykjavík, laugardagana 27. febrúar og 5. mars 2016.

Flensulyf

Hópur sérfræðinga sem rannsakaði gagnsemi inflúensulyfja sem eru með markaðsleyfi í ríkjum EES segir að gagnsemi lyfjanna sé ótvíræð ef meðferð hæfist innan 48 klukkustunda eftir að einkenna inflú-ensu verður vart. Þetta kemur fram á vef landlæknisembættisins.

Hagsmunir barna

Umboðsmaður barna hefur sent sveitarfélögunum áskorun um að hagsmunir barna gangi framar fjárhagslegum hagsmunum sveitarfélaga.

Gunnar Kristinsson formaður Búmanna:

Geta selt á frjálsum markaði

Félagið Búmenn voru mikið til umræðu fyrir nokkru. Félagið stóð illa og gat jafnvel farið í þrot. Mikið hefur unnið að undanförnu að því að finna lausnir til að bjrga félaginu. Búmannaíbúðir eru margar hér á Suðurnesjum. Reykjanes hafði samband við Gunnar Kristinsson formann Búmanna og spurði hvernig gengi með féalgið

Eg hef oftar en ekki verið spurður að því hvort að búið sé að bjarga félaginu. Svar mitt er já.

Fyrsta skrefið í því að bjarga félaginu var að ná fram samþykkt á nauðasamningnum, sem gekk í gegn í síðastliðnum mánuði. Eftir að sú niðurstaða lá fyrir var hægt að ganga til samninga við íbúðalánasjóð. Samningurinn við íbúðalánasjóð er nauðsynlegur til þess að hægt væri að bjarga félaginu. Eftir að samningar höfðu verið undirritaðir við íbúðalánasjóð var farið í það að ganga frá stofnun leigufélags Búmanna. Nú er því lokið og mun leigufélagið taka til starfa strax um næstu mánaðarmót. Inn í leigufélagið munu fara íbúðir sem standa auðar. Flestar eru íbúðirnar á Reykjanesi en einnig í Hveragerði og Akranesi. Það mun fara í gang vinna, eftir að leigufélagið hefur tekið til starfa, við að koma þessum tómu íbúðum í sölu eða leigu og munu Búmenn setja sig í samband við fyrirtækin á svæðinu til að kanna áhuga þeirra á þessum möguleika.

Þeir sem búa í búmannaíbúðum geta selt sínar íbúðir á frjálsum markaði, samkvæmt þeim ákvæðum í samþykktum Búmanna frá 2008 sem segir um slíkt söluferli. Eftir því sem komið hefur fram í fréttum undanfarið eru framtíðarhorfur Reykjanessvæðisins að vænkast til mikilla muna hvað varðar atvinnuhorfur. Þetta þýðir að eftirspurn verður eftir íbúðum á svæðinu og því ættu líkurnar að aukast fyrir þá sem vilja selja sínn búseturétt að geta gert það.

Samanlagt flug um íslenska flugstjórnarsvæðisins lengra en til sólarinnar

Árið 2015 flugu 145.891 flugvél 209.454.134 kílómetra um íslenska flugstjórnarsvæðið. Vegalengdin er 1,4 AU, en 1 AU, stjarnfræðieining, er fjarlægðin frá jörðinni til sólarinnar. Þessar flugtölur og fleiri er að finna í ítarlegri greiningu Isavia á umferð ársins um flugvelli landsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

25% fleiri millilandafarþegar – 2,5% fleiri innanlandsfarþegar

Á árinu sem leið fjölgaði millilandafarþegum um flugvelli Isavia um 25,5% miðað við árið 2014 en innanlandsfarþegum fjölgaði um 2,5% sama tímabili. Farþegafjöldi á Keflavíkurflugvelli var alls 4.858.776 sem er 25,5% aukning frá fyrra ári, eða einni milljón fleiri farþegar. Umfang vöru- og póstflutninga jókst um 2,4% innanlands en jókst um 4% milli landa.

Aukin umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið

Alls fór 145.891 flugvél um íslenska flugstjórnarsvæðið á árinu 2015 eða 11,5% fleiri en árið áður. Flognir kílómetrar jukust um sama hlutfall. Um 64% umferðarinnar var á vesturleið og 36% á austurleið sem stafar af ríkjandi vindáttum á svæðinu. Mikill hluti þessarar umferðar er á milli Evrópu og Norður-Ameríku, en um íslenska svæðið fer um 25% þeirrar flugumferðar.

Algengasta leiðin innan flugstjórnarsvæðisins var sem fyrr frá London til Los Angeles en 2.581 ferðir voru farnar þá leið á árinu. 2.232 ferðir voru farnar frá London til Keflavíkur og 2.186 frá Keflavík til London.

Þau sjö flugfélög sem flugu oftast um íslenska svæðið eru Icelandair, United Airlines, Delta, Emirates, Lufthansa, British Airways og SAS.

Aðalfundur í Grindavík

Aðalfundur félags eldri borgara í Grindavík verður haldinn í Miðgarði fimmtudaginn 3. mars 2016 og hefst hann kl 16:00.

Námskeið í notkun facebook

Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja og Markaðsstofa Reykjaness munu standa fyrir námskeiðum í notkun á samfélagsmiðlinum Facebook í samstarfi við Pipar/TBWA sem hefur sérhæft sig í markaðssetningu í samfélagsmiðlum.

Námskeiðin verða haldin 24. og 25. febrúar frá kl.09:00 - 12.30.

Hundrað daga hátíð

Þriðjudaginn 2. febrúar voru börnin í 1. bekk í Gerðaskóla búin að vera 100 daga í skólanum. Þau hafa talið dagana frá skólabyrjun og skráð inn á 100 töflu. Með því æfðu þau sig líka í tugum og einingum. Í tilefni af þessum tímamótum völdu börnin að vera með dótadag og var líf og fjör hjá þeim.

(Heimasíða Gerðaskóla)

Ára yfirgefinna staða sýning í DUUS húsum

Í Sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í DUUS húsum stendur nú yfir. „Ára# yfirgefinna staða er framar öðru viðfangsefni Birgis Þórs Jósefssonar ljósmyndara í mynbdröðinni sem hann tók innan í byggingum á Keflavíkurflugvelli í kjölfar brottflutnings hersins árið 2006. Í tilefni af því að áratugur er nú liðinn frá því“Iceland Defense Force“ hætti að vernda Íslendinga taldi Listasafn Reykjaness að þessi sýning ætti erindi við Suðurnesjamenn.

Sýningin verður opin tiol 24. apríl 2016.

Frábært foreldra-framtak í Vogunum

Einn fimmtudaginn í febrúar kom Atli Þór Gunnarsson sjómaður og sýndi krökkunum í Stóru-Vogaskóla fjölbreytt úrval fisktegunda. En Atli Þór hafði samband við skólann fyrr í vikunni og spurði hvort að hann mætti koma og sýna krökkunum fiskana.

Eins og sjá má á myndunum voru krakkarnir áhugasamir og ekki skemmdi fyrir að mötuneytið bar fram fisk í hádeginu þann daginn eins og alla fimmtudaga.

(Heimasíða Stóru-Vogaskóla)

Aðgerðir til að efla félagsstarf í Vogum

Formaður Frístunda-og menningarnefndar Voga fór yfir stöðu mála á nýlegum fundi varðandi samstarfssamninga við félagasamtök í Vogum. Ákveðið að senda málið áfram til bæjaryfirvalda og stefna að því að gera samstarfssamning við öll félög sem þess óska. Nefndin ákvað einnig að boða til fundar með félagasamtökum fimmtudaginn 7. apríl þar sem umræðuefnið verður aðgerðir til að efla félagsstarf í sveitarfélaginu.

Aðal-fundur FEBS

Aðalfundur Félags eldri borgara á Suðurnesjum verður haldinn á Nesvöllum laugardaginn 12. mars og hefst kl.14: 00.

7 daga heilsunámskeið dagana 6.–13. mars 2016

Komdu með!

Hressandi námskeið fyrir þá sem vilja koma sér af stað, setja sér markmið varðandi hreyfingu og mataræði og huga að andlegri líðan.

Á námskeiðinu lærum við að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að huga að mataræði, reglulegri hreyfingu, streitu og andlegri heilsu. Á námskeiðinu er lögð áhersla á hressilega hreyfingu, hollt mataræði, fræðslu, slökun og útivist í fallegu umhverfi. Farið verður í markmiðasetningu í heilsueflingu og mikilvægi þess að horfa lengra fram í tímann.

Verð pr. einstakling með gistingu er 130.000 kr. í einbýli en 123.500 kr. í tvíbýli.

Nánari upplýsingar og skráning á heilsustofnun.is eða í síma 483 0300.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

- berum ábyrgð á eigin heilsu

Reykjanes

Auglýsingasíminn er **578 1190**

Netfang: **auglysingar@fotspor.is.**

Aflafréttir

Ansi langt liðið á loðnuvertíðina

Vetrarvertíðin á fullu dampi núna og veiðin hefur aukist svo til dag frá degi núna í febrúar. Núna eru flest allir smábátarnri komnir suður, Addi Afi GK kom frá Skagaströnd og Auður Vésteins SU er kominn frá Stöðvarfirði. Guðmundur á Hópi GK er reyndar á Skagaströnd og þar er líka Stella GK. Reyndar er útgerðaraðili Stellu GK með annan bát sem heitir Guðrún Petrína GK og hefur hún verið í Sandfgerði og hefur hafið róðra þaðan og landað 3,5 tonnum í einni löndun.

Addi Afi GK er með 19 tn í 4, Birta Dís GK 7,1 tn í 2, Ölli Krókur GK 2,3 tn í 1, Hringur GK 2,2 tonn í 3, enn hann er á handfærum. Handfærabátunum hefur fjölgað nokkuð og þeim mun fjölga meira eftir því sem líður á febrúar og fram í mars. Líf GK 3 tn í 3, Alla GK 1 tn í 3, Fagravík GK 605 kíló í 1, Fiskines KE 437 kíló í 1, Röðull ÍS 298 kíló í 1, Hólmsteinn GK 95 kíló í einni löndun, Allir þessir bátar á handfærum nema Líf GK,

Óli Gísla GK 66 tn í 12, Daðey GK 64 tn í 8, Dúddi Gísla GK 54 tn í 7, Pálína Ágústdóttir GK 43 tn í 7, Bergur Vigfús GK 41 tn í 7, Von GK 31 tn í 6. Sunna Líf KE 15 tonn í 3 á netum. Guðrún GK 6,9 tn í 2 og Stakkavík GK 6,4 tonn í 2.

AF stærri línubátunum þá er Sighvatur GK kominn með 339 tonn í 4 og mest 104 tonn, Jóhanna Gísladóttir GK 324 tonn í 3 og mest 117 tonn, Valdimar GK 277 tonn í 4 og mest 98 tonn. Sturla GK 273 tonn í 4, Hrafn GK 256 tonn í 3, Kristín GK 245 tonn í 3, Páll Jónsson GK 223 tonn í 4, Fjölnir GK 211 tonn í 3, Tómas Þorvaldsson GK 200 tonn í 4.

Gísli Súrsson GK 98 tn í 11, Auður Vésteins SU 97 tn í 12, Gulltoppur GK 81 tn í 10, Hafdís SU 75 tn í 11, Dóri GK 66 tn í 12, Katrín GK 57 tn í 8 og mest 11 tonn í einni löndun . Andey GK 35 tn í 11.

Afli dragnótabátanna er búinn að snaraukast eftir mjög lélegan janúarmánuð. Örn GK e með 125 tn í 11 og mest 30 tonn. Sigurfari GK 101 tn í 12 og mest 23 tonn. Benni Sæm GK 91 tn í 11 og mest 18 tonn. Njáll RE 64 tn í 12 og mest 11,3 tonn. Siggi Bjarna GK 50 tonn í 8, Aðalbjörg RE 42 tonn í 6 og mest 12,4 tonn. Svanur KE 34 tonn í 7 og mest 10,4 tonn.

Netaveiði bátanna er mjög góð. Erling KE er kominn með 201 tonn í 14 róðrum og mest 34 tonn. Steini Sigvalda GK 81 tonn í 12 og mest 11 tonn. Grímsnes GK 79 tonn í 11 og mest 18 tonn. Maron GK 68 tonn í 12 og mest 15 tonn. Askur GK 39 tonn í 10 og mest 10 tonn. Bryndís KE 32 tonn í 8, Hraunsvík GK 30 tonn í 8, Gunnar Hámundarsson GK 30 tonn í 8. Keilir SI 25 tonn í 10. Sæljós GK 5,8 tonn í einni löndun.

Togarnir hafa fiskað vel. Sóley Sigurjóns GK er kominn með 318 tonn í 4, Berglín GK 260 tonn í 3.

síðan árið 1982 enn þá voru loðnuveiðar svo til bannaðar að þá hefur verið ilmandi loðnulykt yfir bæjum suðurnesja. t. d í Grindavík þegar bræðsla var þar, í Sandgerði og núna í Helguvík. Enn bræðslan í Helguvík er eina loðnunbræðslan sem er í gangi núna á Suðurnesjunum. Ansi langt er liðið á loðnuvertíðina og kvótinn er frekar lítill því ekki eru nema um 100 þúsund tonn sem koma til skipta íslenskra skipa. Þar sem skipin eru orðin svo stór og mörg hver með frystigetu innanborð þá munu þau reyna að veiða loðnuna til vinnslu um borð í skipunum, það þýðir að mjög lítil loðna mun þá koma t. d í Helguvík. Þess má geta að íslensku loðnuskipin hafa einungis landað núna í febrúar rétt um 2900 tonnum af loðnu, á meðan að norsku loðnuskipin sem hafa landað í höfnum á Austurlandinu hafa landað um 42 þúsund tonnum.

Gísli R.

Ný menntastefna

Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs sagði á fundi íþrótta-og tómstundaráðs frá fyrirhuguðu íbúaþingi um nýja menntastefnu fyrir Reykjanesbæ sem haldið verður í Stapa þriðjudaginn 8. mars kl. 16: 45-19: 00. Þeir sem hafa áhuga á skólamálum, íþróttum og tómstundum eða forvarnarmálum Eru hvattir til að taka þátt í að móta nýja menntastefnu fyrir Reykjanesbæ.

Tveir töluðu

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar fundaði 16. febrúar s.l. Það hefur varla verið langur fundur því aðeins tveir bæjarfulltrúar tóku til máls um það sem var á dagskrá. Á dagskrá fundarins voru nokkrar funbdargerðir bæjarráðs, þar sem fjallað var um 35 mál. Að auki voru svo 3 dagskrárliðir til umræðu. Sem sagt bara tveir bæjarfulltrúar sem sáu ástæðu til að taka til máls.

Heyrðu umskiptin

Erum með margar tegundir og verðflokka af ReSound heyrnartækjum

Fáðu heyrnar-tæki til reynslu

HEYRN

Heyrnarþjónustan Heyrn / Hlíðasmára 11, Kópavogi / Sími: 534-9600 / www.heyrn.is

Allt fyrir ferskleikann

60 x 40 kassalínan frá Tempru er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol

Nýja 10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.



Hitastig (°C) 5 mm fyrir ofan botn nýja 60x40 cm 10 kg kassans eftir 6 klst. við 20 °C umhverfishita.



TEMPRA einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@promens.com • www.tempra.is

GE BÍLAR
WWW.GEBILAR.IS
SÍMI 4200400

Bentu á þann sem að þér þykir bestur...

HYUNDAI I30 wagon classic.

Árgerð 2014,
ekinn 73 Þ.KM,
bensín, 6 gírar.

Verð 2.350.000.
Rnr.200445.

HYUNDAI Ix35 comfort.

Árgerð 2014,
ekinn 70 Þ.KM,
dísel, sjálfskiptur.

Verð 4.790.000.
Rnr.200180.

HYUNDAI Ix35 comfort.

Árgerð 2015,
ekinn 32 Þ.KM,
dísel, sjálfskiptur.

Verð 5.250.000.
Rnr.200162.

HYUNDAI I10 comfort.

Árgerð 2015,
ekinn 35 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.

Verð 2.090.000.
Rnr.200346.

HYUNDAI I10 comfort.

Árgerð 2015,
ekinn 34 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

Verð 1.790.000.
Rnr.211835.

HYUNDAI I10.

Árgerð 2015,
ekinn 32 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

Verð 1.780.000.
Rnr.211836.

**„Er Hyundai ekki málið“
GE bílar ehf. - Sími: 420 0400
Opið 10-18 alla virka daga**

Gott hjá Grindavík

Á dögunum gáfu Eyjamenn það út að hinn öflugi markvörður þeirra Abel Dhaira yrði ekki með næsta sumar vegna alvarlegra veikinda, sem reynist vera krabbamein.

Það lýsir Eyjamönnum hvað best að þeir fluttu Abel veikan til Íslands frá Úganda til að geta staðið með honum og útvegað honum bestu mögulegu læknisþjónustu í þessum erfiðu veikindum. Þeir sýna þarna hvaða mann þeir hafa að geyma.

Nú hafa þeir sett af stað söfnun til að létta Abel þá fjárhagslegu byrði sem svona erfiður sjúkdómur orsakar. Framundan er stærsta og mikilvægasta barátta Abels sem hann þarf að berjast í fjarri heimahögum.

Nú gefst okkur sem stundum knattspyrnu á Íslandi frábært tækifæri til að styðja góðan dreng í þessari baráttu. Við getum sýnt að þegar að á

reynir stöndum við saman og erum öll í sama liði.

Okkur í meistaraflokki Grindavíkur langar að styðja Abel og vini okkar í Vestmannaeyjum sem standa fyrir þessu frábæra framtaki og leggja inn

á reikning þeirra sektarsjóð okkar. Þar sem að sjóðurinn okkar er nú ekki í hæstu hæðum bættu allir sem koma að meistaraflokknum 1500 krónum í hann.

Það er ekki meining okkar að auglýsa einhvern smástyrk frá okkur heldur leggja til að öll meistaraflokks lið á Íslandi geri hið sama. Þannig gæti safnast smá upphæð sem kæmi sér vel fyrir Abel.

Með von um góð viðbrögð
Meistaraflokkur Grindavíkur.

Merkir Suðurnesjamenn

Svavar Árnason

Svavar Árnason, fæddist, nánari tiltekið á Bjargi 14. nóvember árið 1913. Svavar var gerður að heiðursborgara Grindavíkur 10. apríl 1994. Hann lést 1995. Svavar kom að sveitarstjórnarmálum í Grindavík í 40 ár, frá 1942-1982. Hann var oddviti Grindavíkurhrepps, forseti bæjarstjórnar og sat í sveitarstjórn. Hann var harður Alþýðuflokksmaður. Hann hugsaði út frá sjónarhorni verkamanna og sjómanna, þar sem ræturnar lágu.

Hann var oddviti Grindavíkurhrepps þangað til hreppurinn var lagður niður og kaupstaður stofnaður í staðinn. Hann varð við kosningarnar 1974 fyrsti forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar.Hann var organisti í kirkjunni og æfði kóra og vann mikið að tónlistarmálum í Grindavík.

Svavar var í stjórn Hraðfrystihúss Grindavíkur og Keflavíkur.

Árið 1949 gerðist hann framkvæmdarstjóri fyrir útgerðarfyrirtæki sem hét Hafrenningur hf.

Í minningargreinum má m.a. lesa: “Svavar var jafnaðarmaður af heilum hug og í þess orðs fyllstu merkingu og lengi formaður Alþýðuflokksfélags Grindavíkur. Ekki hafði hann tapað áhuganum á þeim málefnum þegar ég hitti hann fyrir stuttu þótt farinn væri að heilsu. Eins og að framan getur kom Svavar víða við í mannlífi sveitar sinnar enda sérstökum mannkostum búinn og eftirminnilegur þeim sem honum kynntust, skarpgreindur, góðgjarn og hjálpsamur.”

“Grindavík hefir vaxið og dafnað en þeim fækkar sem muna þá tíð að við auðn lá í Grindavík. Þar skipti sköpum leiðsögn Svavars, sem að öðrum ólöstuðum fór fremstur. Ég gæti fyllt allar síður Moggans af minningum um Svavar, en það þjónar engum tilgangi. Svavar þurfti aldrei meira en fimm mínútur til þess að koma sinni skoðun

á framfæri þótt um flókin mál væri fjallað. Hann hugsaði fyrst og talaði svo, teldi hann ástæðu til.”

“Svavar var hlýr og ljúfur persónuleiki. Hann var músikmaður mikill, og kunni vel að segja sögur. Jafnframt var hann samúðarfullur, þegar það átti við, og lá ekki á liði sínu, ef hann gat leyst vanda einhvers. Það var unun að vera samferða slíkum manni, finna hjartahlýjuna og gleðina, sem streymdi ævinlega frá honum”.

Leikskólinn Holt tilnefndur til Evrópuverðlauna fyrir lestrarverkefni

Leikskólinn Holt í Reykjanesbæ er tilnefndur til Evrópuverðlauna eTwinning fyrir lestrarverkefni sem leikskólinn hefur tekið þátt í undanfarin ár. Leikskólinn fékk gæðaviðurkenningu menntaáætlunar Evrópusambandsins fyrir sama verkefni á síðasta ári.

Verkefnið er eitt af 13 verkefnum sem tilnefnt er í aldurshópnum 4-11 ára, en alls voru 202 verkefni til skoðunar hjá dómnefnd sem í sitja 35 manns frá jafnmörgum löndum. Samkvæmt frétt á heimasíðu eTwinning verður tilkynnt um verðlaunahafa á næstu vikum.

Á myndinni sem tekin var þegar leikskólinn fékk gæðaviðurkenningu menntaáætlunar Evrópusambandsins eru Sigurbjört Kristjánsdóttir og Anna Sofia fyrir miðju, en þær hafa séð um verkefnið á Holti. Heiða Ingólfsdóttir leikskólastjóri er við hlið þeirra. Fræðslustjórinn í Reykjanesbæ, Helgi Arnarson og leikskólafulltrúinn Kristín Helgadóttir. (sudurnes. net, greinir frá þessu)

Safnahelgi á Suðurnesjum 2016

Safnahelgi á Suðurnesjum verður haldin helgina 12. - 13. mars. Dagskrá er í undirbúningi og er farin að taka á sig mynd. Stefnt að því að halda dagskrá í samstarfi við félög og stofnanir í sveitarfélaginu og verður hún auglýst fljótlega, bæði á vefnum og í fjölmiðlum. Þetta kemur fram í fundargerð Frístunda-og menningarnefndar Voga.

Nýta forkaupsréttinn

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 11. febrúar s. l var fjallað um forkaupsrétt að húsnæði Hæfingarstöðvarinnar að Ásbrú.

Bæjarráð samþykkir að nýta sér forkaupsréttinn og losnar þar með undan húsaleiguskuldbindingum til 20 ára Friðjón vék af fundi undir þessum dagskrálið.

HÆ SÆTI!
HVAÐ FÆRÐ ÞÚ
AÐ BORÐA?

DÝRABÆR

- fyrir dýrin þín

Smáralind • Kringlunni • Krossmóa Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is

Isavia sameinað undir einu merki

Starfsemi Isavia hefur verið sameinuð undir einu merki. Undanfarin rúm fimm ár hefur starfsemi Isavia verið rekin undir tveimur vörumerkjum, annars vegar merki Keflavíkurflugvallar og Isavia hins vegar. Nú hefur farið fram ítarleg vinna við stefnumótun og framtíðarsýn og hefur félagið öðlast nýja og sameiginlega ásýnd.

Sameining vörumerkja Isavia og Keflavíkurflugvallar er gerð að fyrirmynd norrænna systurfyrirtækja Isavia. Kostir hinnar nýju sameiginlegu ásýndar eru margir. Nú verður hægt að markaðssetja millilandaflugvellina sem félagið rekur, Keflavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll saman. Nú mun einnig sú mikla vinna sem unnin hefur verið í markaðssetningu á Keflavíkurflugvelli nýtast hinum völlunum og hægara verður um vik að halda áfram þeirri markaðssetningu sem fyrirtækið hefur staðið fyrir á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli sem millilandaflugvöllum.

Þá mun það að kynna alla starfsemina undir sama merki, og með tíð og tíma á sömu vefsíðu, auka vitneskju erlendra ferðamanna um innanlandsflugvallakerfið og hafa þannig jákvæð áhrif á farþegaaukningu um innanlandsflugvellina. Um 1,5 milljón gesta heimsækja núverandi vefsíðu Keflavíkurflugvallar árlega og þegar sameiginlegur vefur verður tilbúinn mun þessi fjöldi eiga auðveldara með að sjá hvaða kosti innanlandsflug hefur upp á að bjóða.

Tenging þriggja heimsálfa

Hið nýja merki hefur vísun til staðsetningar Íslands á milli Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu, yfir norðurpólinn. Nú þegar tengir íslenska flugstjórnarsvæðið heimsálfurnar þrjár og til framtíðar hefur Isavia sett sér það markmið að fá tengingu við Asíu um Keflavíkurflugvöll. Merkið vísar einnig í flugvélarstél og kjöl víkingaskips og tengir þannig þá samgöngumáta sem hafa verið Íslendingum mikilvægastir í gegnum aldirnar. Með báðum þessum samgöngumátum höfum við ferðast frá landinu til Ameríku og Evrópu og þeir hafa verið okkar lífæð og grundvöllur undir efnahagslíf þjóðarinnar.

Tveggja ára vinna að baki

Sú vinna sem liggur að baki nýrri ásýnd Isavia hefur verið unnin að mestu leyti undanfarin tvö ár. Um 120 starfsmenn Isavia tóku þátt í vinnunni og höfðu áhrif á niðurstöðuna og lögðu þannig sitt af mörkum til verkefnisins. Haldin var samkeppni um kenniefni á milli auglýsingastofa í samtökum íslenskra auglýsingastofa og bárust fimm tillögur. Auglýsingastofan Hvíta húsið bar sigur úr býtum.

10 fæðutegundir sem flýta fyrir öldrun húðarinnar

Það sem þú lætur ofan í þig hefur áhrif á húð þína, og þó að hún láti ekki á sjá um leið og þú grípur í sæl-gætispokann mun hún gera það með tíð og tíma.

Vefurinn Health hefur því tekið saman nokkrar fæðutegundir sem eru ekki að gera húðinni þinn neinn greiða, sér í lagi ekki ef þú borðar mikið af þeim.

Sælgæti

Ofneysla á sykri getur haft slæm áhrif á húðina og flýtt fyrir öldrun hennar. Þess að auki er sykur algert eitur fyrir tennurnar.

Áfengi

Heilbrigð lifur þýðir heilbrigð húð. Þegar lifrin er í fínu standi er hún betur í stakk búin til að losa sig við eiturefni sem geta haft slæm áhrif á húðina. Ef eiturefni ná að safnast fyrir í lifrinni getur það haft í för með sér bólur, óheilbrigt litaraft og hrukkur. Áfengisneysla getur líka orsakað rósroða.

Hvítvín

Hvítvín er sérlega slæmt fyrir tennurnar, en sýran í víninu hefur áhrif á glerunginn og gæti aukið líkur á að tennurnar taki í sig lit.

Grillað og brennt kjöt

Brennda steikin þín getur stuðlað að bólgum í líkamanum, sem aftur getur orðið til þess að kollagen í húðinni brotnar niður.

Salt

Þú notast kannski ekki við mikið salt þegar þú eldar, en það þarf ekki að þýða að saltneysla þín sé lítil. Til að mynda er sodium notað til að auka geymsluþol ýmissa niðursuðuvara, en mikil neysla þess getur haft í för með sér vökvasöfnun og bjúgmyndun.

Unnar kjötvörur

Beikon, pylsur, paté og fleira í þeim dúr hefur oft að geyma súlfít og ýmis rotvarnarefni sem eru bólgu-myndandi og hraða þar með á öldrun húðarinnar.

Kryddaður matur

Kryddaður matur getur ert húðina og er ekki góður fyrir fólk sem þjáist af rósroða. Konur á breytingar-skeiðinu, sem eru með viðkvæma húð, ættu einnig að forðast að neyta sterkra rétta í miklum mæli.

Rautt kjöt

Mikil neysla á rauðu kjöti er ekki talin holl. Í kjötinu er til að mynda að finna sindurefni, sem hafa slæm áhrif á húðina og fleira. Auðvitað er ekkert að því að fá sér stöku hamborgara, en gott er að gera það í hófi og borða fæðutegundir sem eru ríkar af andoxunarefnum.

Orkudrykkir

Orkudrykkir eru algert eitur fyrir tennurnar þínar. Ef þú getur ekki hugsað þér lífið án slíkra drykkja getur verið gott að nota sogrör til að minnka snertingu við tennurnar.

Koffín

Koffín er þvagræsandi sem þýðir að líkaminn losar sig við vökva. Þetta getur haft í för með sér að húðin verður þurr, líflaus og illa útlítandi.

Vilja fjölga íbúðum

Bæjarráð Grindavíkur samþykkti á fundi sínum í vikunni að skipa verkefnishóp sem mun hafa það verkefni að leggja fram tillögu að hönnun fjögurra til sex íbúða viðbyggingu við Víðihlíð, sem er hjúkrunardeild fyrir aldraða.

Á næsta fundi bæjarráðs verða verkefni nefndarinnar skilgreind og fulltrúar tilnefndir. Í hópnum verða tveir fulltrúar meirihluta, einn fulltrúi minnihluta, einn fulltrúi eldri borgara og einn fulltrúi starfsmanna Miðgarðs. Skipaður verður verkefnisstjóri með hópnum og ráðstafað fjárheimildum til greiðslu nefndarlauna og hönnunar.

Bygging íbúðanna er ekki einu

tíðindin í málefnum eldri borgara í Grindavík því að Félagsmálanefnd bæjarins lagði til við bæjarstjórn á dögunum að haldið verði íbúaþing fljótlega á nýju ári varðandi þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu. Bæjarráð samþykkti tillögu nefndarinnar og hefur falið sviðsstjóra félagsþjónustu og fræðslusviðs að hefja undirbúning með það fyrir augum að fundurinn fari fram fyrir páska.

Situr þú uppi með húsfélagið?

» Eignaumsjón sér um innheimtu og bókhald húsfélagsins, sækir um endurgreiðslu virðisaukaskatts og veitir ráðgjöf þegar vafa- og deilumál koma upp í húsfélögum. Oft getur skipt sköpum að hafa hlutlausan aðila sem engra hagsmuna hefur að gæta. Það stuðlar að betri og hreinskiptnari samskiptum íbúa.

Við sjáum um húsfélagið þitt.

EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is

SAMSUNG

Samsung valið, enn á ný, besta sjónvarpið í Evrópu

EISA AWARD Best Product 2015-2016
HIGH END TV
Samsung UE65JS9500

SUHD TV 4K
4x betri upplausn, Nanokristal-tækni, 64x fleiri litir, 30% meiri birta.

65” Samsung JS9505
949.000.-

Samsung SUHD

65” Samsung JS9005
649.900.-

65” Samsung JU6075
369.900.-

ULTRA HD

4x betri upplausn, Smart TV, Netflix ofl., Öll tæki í einni og sömu fjarstýringunni. Upplifðu meiri dýpt í bognu tæki (JU7505) UHD uppskölun.

65” Samsung JU7505
469.900.-

65” Samsung JU7005
449.900.-

Opnunartími virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-19

ormsson.is

Stærri verslun - meira úrval.
Verið velkomin.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

HAFNARGÖTU 23 · REYKJANESBÆ · SÍMI 421-1535